

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1992

10. mars 1992

247

Nr. 101

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1992.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1992, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. apríl 1992, með eindaga 1. júní 1992, verða sem hér segir:

	kr.
1. <i>Röntgenskoðunartæki.</i>	
a) Föst tæki – myndataka	11 300
b) Föst tæki – skygging	14 940
c) Aukalampar	3 400
d) Færanleg tæki – myndataka	9 200
e) Færanleg tæki – skygging	11 300
f) Tannröntgentæki	7 350
g) Tannröntgentæki – aukatæki	3 675
h) Iðnaðarröntgentæki	11 100
i) Dýralækningaröntgentæki	11 100
2. <i>Geislalækningatæki</i>	22 000
3. <i>Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar</i>	11 300
4. <i>Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað</i>	8 500
5. <i>Önnur geislatæki.</i>	
a) Nifteindatæki	30 450
b) Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4:	
1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	8 500
2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	4 250
6. <i>Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.</i>	
a) Filmumælingar, fyrir hverja filmu	390
b) TLD-mælingar, fyrir hverja flögu	1 000

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 7 670,00. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 1 920,00.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 19 200,00. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 18. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir og að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. mars 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þýðingarsjóð, nr. 638/1982.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun sjóðstjórnar.

Semja skal við einhvern bankanna um vörslu sjóðsins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 12. mars 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að:

1. Banna hægri beygju á mótum Höfðabakka og Bæjarháls.
2. Afnema einstefnu á Bíldshöfða vestan Rafstöðvarvegjar.
3. Biðskylda verði á mótum Grjótháls og tengivegar frá Vesturlandsvegi, vestan bensínstöðvar Shell.

Auglýsing þessi tekur gildi 2. apríl 1992.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 11. mars 1992.

Böðvar Bragason.